

Fundargerð 14.12.2023

Mætt voru: Erla Sif Sveinsdóttir og Erla Erlendsdóttir fulltrúar foreldra, Vala Steinsdóttir grenndarfulltrúi, Ellý Erlingsdóttir og Guðrún Heiða Sigurgeirsdóttir fulltrúar kennara, Steinunn Þorsteinsdóttir fulltrúi starfsfólks, María skólastjóri sem stýrði fundi og Margrét Ólöf aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

Fundaáætlun og verkefni skólaráðs fyrir skólaárið 2023 – 2024.

María fór yfir reglur um skólaráð við grunnskóla: <https://island.is/reglugerdir/nr/1157-2008>.

Þar kemur fram að auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags. Staðgengill skólastjóra stýrir skólaráði í forföllum skólastjóra. Í skólaráði Setbergsskóla skólaárið 2023-2024 eru: Erla Sif Sveinsdóttir og Erla Erlendsdóttir, fulltrúar foreldra. Vala Steinsdóttir grenndarfulltrúi og formaður stjórnar foreldrafélagsins, Ellý Erlingsdóttir og Guðrún Heiða Sigurgeirsdóttir fulltrúar kennara, Steinunn Þorsteinsdóttir fulltrúi annars starfsfólks. Staðgengill skólastjóra og fundarritari er Margrét Ólöf Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri. Fulltrúar nemenda munu koma á næsta fund.

María fór yfir funda – og starfsáætlun skólaráðs.

María hvatti þá sem sitja í skólaráði til að leggja fyrir mál þar sem það er ekki eingöngu skólastjóri sem skipuleggur það sem rætt er á fundum skólaráðs.

Starfsáætlun Setbergsskóla 2023-2024.

Starfsáætlun Setbergsskóla var kynnt.

Stóra verkefnið í haust var að hefja skólastarf á réttum tíma. Skipt var um þak á helmingi hússins og því verki var ekki lokið þegar skólastarf átti að hefjast. Á undirbúningsdögum átti eftir að þrifa allan skólann og koma húsbúnaði og gögnum fyrir á sinn stað. Starfsfólk skólans tók höndum saman um að koma skólanum í kennsluhæft ástandi fyrir skólaásetningu. Vinnu við loftaklæðningu og frágang er enn ekki lokið.

Umfjöllun um skólanámskrá Setbergsskóla.

Fjallað var um skólanámskrána 2023-2024 <https://www.setbergsskoli.is/nam-og-kennsla/skolanamskra/>

Skólaráð Setbergsskóla staðfestir að fjallað var um skólanámskrá og starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2023-2024.

Skólaráð

Þróunarstarf, teymi og vinnuhópar.

María fór yfir hópa og teymi sem eru starfandi í skólanum á þessu skólaári.

- SMT-teymi
- Eineltis- og forvarnateymi
- Læsi og námsvitund
- Leiðsagnarnám og vaxandi hugarfar
- Heilsueflandi grunnskóli
- Lausnateymi
- Brúarteymi
- Áfallateymi
- Öryggisteymi
- Mat á skólastarfi.

Önnur mál:

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.